

Miðvikudaginn 19. janúar 1994.

Nr. 18/1994.

**Svínavatnshreppur og
Torfalækjarhreppur**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

(Hreinn Loftsson hrl.)

gegn

óþekktum rétthöfum yfir Auðkúluheiði

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Eignardómsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingi-björg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. desember 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 20. sama mánaðar um frávísun málsins frá héraði. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilinn Landsvirkjun og varnaraðilarnir fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra, sem sækja þing sameiginlega, krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar. Landsvirkjun krefst að auki málskostnaðar í héraði.

Mál þetta höfðuðu sóknaraðilar með eignardómsstefnu, út gefinni 1. apríl 1993 og tóku varnaraðilar ásamt Skotveiðifélagi Íslands til varnar í málinu.

Sóknaraðilar krefjast fulls og óskoraðs eignarréttar í málinu að afréttarlandinu Auðkúluheiði í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Í kröfugerð vísa þeir til þinglesins afsals og landamerkja-bréfs, sem ber heitið „Takmörk Auðkúluheiðar“. Auk þess leiða sóknaraðilar rétt sinn til heiðarlandsins með því að vísa til afsala hluta úr jörðunum Hrafnabjörgum, Marðarnúpi, Þröm, Eldjárnsstöðum og Eidsstöðum. Varnaraðilar bera hins vegar brigður á, að afréttarlandið Auðkúluheiði hafi nokkurn tíma verið undirorpið fullkomnum eignarrétti.

Sóknaraðilar vísa þannig til skilríkja fyrir eignarréttindum að heiðarlandinu, en ágreiningur er um inntak réttindanna. Ber að fallast á það með héraðsdómi, að skilyrði bresti til að höfða mál þetta sem eignardómsmál samkvæmt 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá eru takmörk heiðarlandsins ekki nægilega skýrt mörkuð í kröfugerð sóknaraðila og ekki tíundað, hvort kröfugerðinni er einnig ætlað að ná til þess hluta afréttarins, sem afsalað var úr löndum framangreindra jarða. Hinn áfrýjaði úrskurður er því staðfestur.

Rétt er, að sóknaraðilar greiði varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur, greiði varnaraðila Landsvirkjun 30.000 krónur í kærumálskostnað og 30.000 krónur í ríkissjóð í sama skyni.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 20. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi um fram komnar frávísunarkröfur fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra annars vegar og Landsvirkjunar, kt. 420269-1299, hins vegar, var höfðað fyrir dóminum af Svínavatnshreppi, kt. 640269-4139, og Torfalækjarhreppi, kt. 660269-0359, með eignardómsstefnu, út gefinni 1. apríl 1993. Skotveiðifélag Íslands hefur einnig tekið til varna í málinu en gerir ekki kröfur í þessum þætti málsins.

Dómkröfur stefnenda.

Stefnendur gera þær dómkröfur að viðurkenndur verði með dómi fullur og óskoraður eignarréttur þeirra að afréttarlandinu Auðkúluheiði í Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, með öllum gögnum þess og gæðum, að engum réttindum undanskildum, svo sem afréttarlandinu er lýst í afsali ráðherra Íslands, Jóns Magnússonar, dagsettu 5. júlí 1918, til Blönduósshrepps og beggja stefnenda, og landamerkjabréfi fyrir Auðkúluheiði, sem ber heitið „Takmörk Auðkúluheiðar“, dagsettu 4. september 1880 og þinglesnu og innfærðu í landamerkjabók Húnavatnssýslu 17. maí 1890.

Þá gera stefnendur kröfu um málskostnað úr hendi þeirra er tekið hafa til varna í málinu.

Dómkröfur stefndu.

Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra gera þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að öllum kröfum stefnenda verði hrundið. Í báðum tilfellum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum.

Landsvirkjun gerir þær kröfur að málinu verði vísað frá dómi en til vara að öllum kröfum stefnenda verði hrundið. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum samkvæmt málskostnaðarreikningi.

— — —

III.

Forsendur og niðurstaða.

Ljóst er af málatilbúnaði stefnenda að þeir höfða eignardómsmál þetta í því skyni að fá viðurkenningu dómsins á því, að þeir eigi slíkan rétt yfir heiðarlandinu Auðkúluheiði, að þeir eigi tilkall til bóta fyrir vatnsréttindi þau, sem Landsvirkjun leysti til sín vegna virkjunar Blöndu.

Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. laga um meðferð einkamála er það skilyrði fyrir því að menn geti leitað eignardóms að þá skorti skilríki fyrir rétti sínum.

Stefnendur leiða rétt sinn til heiðarlandsins af afsali, dagsettu 5. júlí 1918, frá ráðherra Íslands auk afsala vegna hluta úr jörðunum Hrafnabjörgum, Marðarnúpi, Pröm, Eldjárnsstöðum og Eiðsstöðum.

Stefnendur hafa þannig í höndum skilríki fyrir eignarréttindum yfir heiðarlandinu en ágreiningur er um inntak þeirra réttinda. Þegar af þeirri ástæðu, að stefnendur hafa slík skilríki í höndum, þykir bresta skilyrði til að reka mál þetta að hætti 122. gr. laga nr. 91/1991, enda eru stefnendum færar aðrar málsóknarleiðir, þar sem þeir geta fengið leyst úr álítaefni þessu.

Stefnendur geta og borið fyrir sig skilríki þessi í öðrum tilvikum, þar sem ágreiningur kann að vera uppi um inntak eignarréttinda þeirra.

Þegar af þessari ástæðu þykir verða að vísa máli þessu frá dómi og koma því aðrir meinbugir, sem kunna að vera á málatilbúnaði stefnenda, ekki til álíta hér.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.
